

Erlend samskipti FAS

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu eru í fámennu og strjálbýlu svæði. Til að draga úr einangrun og til að tengja nám við raunveruleika innan og utan svæðis þá hefur skólinn mótað sér stefnu í erlendum samskiptum.

Markmið

- Unnið að því að auka gæði náms með fjölbreyttari þekkingu, leikni og hæfni.
- Unnið að því að efla nemendur og starfsmenn með því að gefa þeim tækfæri til að takast á við ný verkefni í fjölbreyttu umhverfi.
- Unnið að því að allir hópar samfélagsins hafi kost á þátttöku í erlendum samskiptaverkefnum á vegum skólans þannig að þátttakendur endurspegli samfélagið.
- Unnið að því að auðga samfélagið með því að kynnst fólki og menningu annarra svæða; á sama tíma og við kynnum okkur og okkar menningu.
- Stuðla að umhverfislegri sjálfbærni, lýðræðislegri þátttöku og samfélagslegri ábyrgð.
- Unnið að því að efla Evrópska menntanetið með því að byggja upp tengslanet skólans við aðrar menntastofnanir.
- Öll erlend samskipti taki mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Til að ná markmiðum

- verður bæði boðið reglulega upp á *samstarfsverkefni og náms- og þjálfunarverkefni* þannig að nemendur eigi kost á að taka þátt á námstímanum
- nýtum við stafræna tækni þar sem það á við til að ná ofangreindum markmiðum
- verða verkefni tengd við eTwinning
- verða verkefni kynnt samkvæmt ákvæðum í samningum um verkefnin, á FAS vefnum og á öðrum vettvangi
- verða tengsl eflað við fyrirtæki, félög, stofnanir og einstaklinga í samfélaginu
- verða verkefnin skipulögð með það í huga að lágmarka umhverfisleg áhrif ferðalaga og annarra þátta verkefnisins.

Mat á erlendum samstarfsverkefnum er hluti af sjálfsmati skólans en auk þess er hvert verkefni metið á sjálfstæðan hátt samkvæmt skipulagi hvers verkefnis.